



Námskeiðsáætlun Brunamálaskólans 2019

Fjarnám

Námskeið 1, 2 f.h. og 2 s.h. eru kennd í fjarkennslu. Búið er að opna fyrir námið og slökkviliðsstjórar skrá sína slökkviliðsmenn til náms. Ef það vakna spurningar hafið þá samband við georg@mvs.is.

Próf í fjarnámi fyrir námskeið 1, 2 f.hl. og 2 s.hl. verða þegar slökkviliðsstjórar óska eftir þeim en vega skipulagningu þeirra skal hafa samband við georg@mvs.is.

Námskeið 3. og 4. eru kennd í fjarkennslu.

Búið er að opna fyrir námið og slökkviliðsstjórar skrá sína slökkviliðsmenn til náms. Ef það vaka spurningar hafið þá samband við georg@mvs.is.

verða þegar slökkviliðsstjórar óska eftir þeim en vega skipulagningu þeirra skal hafa samband við georg@mvs.is.

Áætlun fyrir önnur námskeið árið 2019.

Athugið að skráning á námskeið þarf að berast Brunamálaskólanum (petur@mvs.is) að minnsta kosti 10 dögum áður en það hefst. Lágmarksfjöldi þátttakenda er almennt 10 og hámarksfjöldi 20 nema annað sé tekið fram, náist ekki lágmarksfjöldi á námskeiðið fellur það niður. Skráningu þarf að fylgja staðfesting slökkviliðsstjóra á að viðkomandi slökkviliðsmenn hafi lokið læknisskoðun, þrek og styrktarprófi, fornámi og námi sem samsvarar undanfarandi námskeiðum og hafi aukin ökuréttindi eftir því sem við á.

Þátttakendur á námskeiðum á vegum Brunamálaskólans þar sem farið er í reykköfun skulu slysatryggðir af vinnuveitanda, hafa til umráða hlífðarfatnað til reykköfunar af viðurkenndri gerð og leggja fram læknisvottorð um heilbrigði sitt og færni. Auk þess þurfa þeir að leggja fram vottorð slökkviliðsstjóra um að þeir hafi staðist þrek og styrktarpróf.

Grunnnám hlutastarfandi slökkviliðsmanna

Boðið upp á helgarnámskeið vegna námskeiðs 1., 3. og 4.

Grunnnám		Dags	
Vesturland		1. mars	3. mars
Vestfirðir	Ísafjörður	3. maí	5. maí
Norðurland		11. okt.	13. okt.

Námskeið 3		Dags.	
Suðurland	Rangárvallas.	8. mars	10. mars
Norðausturland	Þórshöfn	31. maí	2. júní
Vestfirðir	Ísafjörður	6. sept.	8. sept.



Námskeið 4		Dags.	
Suðvesturland		27. sept.	29. sept.

Verklegt námskeið og próf vegna fjarnám hlutastarfandi slökkviliðsmanna, vegna námskeiða 1., 2.f.h. og 2.s.h.

Verkleg kennsla og próf fyrir slökkviliðsmenn sem lokið hafa fjarnámi í námskeiðum 1., 2 f.h. og 2 s.h. er fyrir þá sem hafa aflað sér nægrar verklegara kunnáttu á æfingum hjá slökkviliðum sem slökkviliðsstjóri staðfestir á þar til gerðu eyðublaði til þess að fá próftökurétt, prófið tekur einn dag.

Slökkviliðsstjórar þurfa að staðfesta að þeir einstaklingar sem fara í þetta verklega próf hafi farið í yfirtendrunargám með viðurkenndum leiðbeinanda.

Óskir um verklegt námskeið og próf skal senda til Georgs georg@mvs.is eða Péturs petur@mvs.is.

Verkleg námskeið og próf	Dags.	Dags.
Námskeið 1, 2 f.h. og 2 s.h.		
Slökkviliðsstjórar þurfa óska eftir þessu fyrir 1. mars 2019		

Til að uppfylla kröfur um þátttöku á námskeiðum Brunamálaskólans þurfa nemendur sem taka þátt í heitri reykköfun að hafa lokið læknisskoðun og þol/þrekprófi og hafa staðist læknisskoðun og þol/þrekpróf. Slökkviliðið sem stendur fyrir námskeiðinu þarf að uppfylla kröfur framleiðanda um búnaðinn sem á að nota við námskeiðið sé í lagi. Svo sem reykköfunartækin sem eiga að vera skoðuð, loftkútar þrýstiprófaðir og loftgæði mæld og í lagi. Lyftipúðar ekki eldri en framleiðandi segir til um, slöngur og prófun á björgunarbúnaði innan reglna framleiðanda.

Slökkviliðsstjórar verða að senda staðfestingu á að fornámi og námi sem samsvarar undanfarandi námskeiðum hafi verið lokið fyrir þá slökkviliðsmenn sem þeir skrá á námskeið.

Próf fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn vegna námskeiða 1., 2.f.h., 2.s.h., 3 og 4.

Verklegt próf fyrir slökkviliðsmenn sem lokið hafa fjarnámi í námskeiðum 1., 2 f.hl., 2 s.hl., 3. og 4. Prófin eru tekin á símenntunarmiðstöð.

Prófin hafa ekki verið dagsett. Skólinn mun reyna að koma til móts við óskir slökkviliðsstjóra eins og hægt er.

Óskir um verklegt próf skal senda til Georgs georg@mvs.is eða Péturs petur@mvs.is.



<i>Verkleg próf</i>	<i>Dags.</i>	<i>Dags.</i>
<i>Námskeið 1, 2 f.h. og 2 s.h.</i>		
Slökkviliðsstjórar þurfa óska eftir þessu fyrir 1. mars 2019		

<i>Verkleg próf</i>	<i>Dags.</i>	<i>Dags.</i>
<i>Námskeið 3</i>		
Slökkviliðsstjórar þurfa óska eftir þessu fyrir 1. mars 2019		

<i>Verkleg próf</i>	Dags.	Dags.
<i>Námskeið 3</i>		
Slökkviliðsstjórar þurfa óska eftir þessu fyrir 1. mars 2019		

Endurmenntun slökkviliðsmanna:

Boðið verður upp á fjögur námskeið vegna endurmenntunar slökkviliðsmann. Farið verður yfir vatnsöflun og björgun á fastklemmdu fólki. Námskeið er einn dagur. Námskeiðunum verður skipt á milli landsfjórðunga og haldin þar sem þátttakan er fjölmennust. Slökkviliðsstjórar þurfa að óska eftir þessari endurmenntun fyrir 1. febrúar 2019. Hámarks fjöldi á hverju námskeiði er 20 manns

Nám atvinnuslökkviliðsmanna:

Tilkynnt seinna. Atvinnumannanámskeið verður næstkomandi haust.

Nám eldvarnaeftirlitsmanna:

Haldið verður námskeið I fyrir eldvarnaeftirlitsmenn. Námskeiðið er fyrir þá sem sinna eldvarnaeftirliti.

Lágmarksfjöldi þátttakenda á eldvarnaeftirlitsnámskeiði I er 10 og hámarksfjöldi 15. Náist ekki lágmarksfjöldi á námskeiðið fellur það niður.

Haldið verður námskeið III fyrir eldvarnaeftirlitsmenn. Námskeiðið er fyrir þá sem sinna eldvarnaeftirliti og hafa lokið námskeiðum I og II. Stefnt er á það að einhver hluti námskeiðsins verði í fjarnámi.

Athugið að skráning á námskeið eldvarnaeftirlits þarf að berast Brunamálaskólanum (petur@mvs.is) að minnsta kosti 14 dögum áður en það hefst. Á námskeiði I verður einn dagur aukaleg vegna kennslu/námskeiðs í Brunaverði.



<i>Eldvarnareftirlit</i>		<i>Dags.</i>		<i>Dags.</i>	
Suðvesturland		27. feb.	-	1 mars	Námskeið III
Suðvesturland		5. nóv.	-	8. nóv.	Námskeið I (fyrri hluti)
Suðvesturland		19. nóv.	-	22. nóv.	Námskeið I (seinni hluti)

Boðið upp á námskeið í Brunaverið í samstarfi við SHS. Námskeiðið er ætlað þeim sem eru að sinna eldvarnaeftirliti og nota eða ætla sér að nota forritið Brunavörður sem heldur utan um eldvarnaeftirlit slökkviliða. Einnig verður farið yfir yfirferð á teikningum.

<i>Brunavörður og endurmenntun</i>		<i>Dags.</i>		<i>Dags.</i>	
Reykjavík		31. janúar	-	1. feb.	
Akureyri		14. feb.	-	15. feb.	

Nám stjórnenda í slökkviliðum:

Haldin verða allt að 3 námskeið fyrir þá þjálfunarstjóra I (yfirtendrunarnámskeið). Hægt er að hnika til dagsetningum ef þess er óskað. ***Mikilvægt er að slökkviliðsstjórar sendi menn á þetta námskeið vegna aukinnar verklegrar kennslu sem þeir þurfa að framkvæma vegna námskeiðs 1, 2 f.h. og 2 s.h.***

Þjálfunarstjóri II fyrir leiðbeinendur Brunamálaskólans verður haldið í haust. Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa áhuga að leiðbeina á námskeiðum skólans og í sínu slökkviliði. Á námskeiðinu verður farið yfir kennslufræðina og uppsetningu námskeiða og hvernig á að koma efninu frá sér. Auk þess verður farið yfir kennslu með ýmsum búnaði. Þátttakendur þurfa að hafa lokið þjálfunarstjóránámskeiði I og hafa staðfestingu frá slökkviliðsstjóra um þjálfunarreynslu.

Þrjú námskeið fyrir stjórnendur hlutastarfandi liðs verður á árinu.

Eitt námskeið fyrir stjórnendur atvinnuliðs verður á árinu.

Lágmarksfjöldi þátttakenda á þjálfunarstjóránámskeiði er 8 og hámarksfjöldi 10. Lágmarksfjöldi þátttakenda á námskeið fyrir stjórnendur hlutastarfandi- og atvinnuliða er 8 og hámarksfjöldi 10.

Möguleiki er að hafa fleiri þátttakendur.

Náist ekki lágmarksfjöldi á námskeið fellur það niður.

Athugið að skráning á þessi námskeið þarf að berast Brunamálaskólanum (petur@mvs.is) að minnsta kosti 14 dögum áður en það hefst. Undantekning á því er þó



Þátttaka á námskeiði fyrir Stjórnendur atvinnulið en þá þarf skráning að hafa borist 60 dögum áður en námskeið hefst.

<i>Stjórnendanám atvinnumanna</i>		<i>Dags.</i>		
	Reykjavík	21. okt.	-	5. nóv.

Gæti eitthvað breyst

<i>Stjórnendanám, annarra</i>		Dags.		
Suðvesturland	Suðurnes	8. feb.	-	10. feb.
Austurland		29. mars	-	31. mars
Norðurland	Akureyri	4. okt.	-	6. okt.

Námskeiðið á Austurlandi færst til (yrði þá 14 mars eða 4 apríl) vegna námskeiðs um rafmagnsbifriðar og stjórnendanámskeiðs því samfara.

<i>Þjálfunarstjórnarnám I</i>		Dags.		
Suðvesturland	Suðurnes	10. maí	-	12. maí
Óstaðsett		24. maí		26. maí
Norðurland	Akureyri	13. sept.		15. sept.

<i>Þjálfunarstjórnarnám II</i>		<i>Dags.</i>		
Reykjavík		1. okt.	-	2. okt.
Akureyri		17. okt.	-	18. okt.

Þessar dagsetningar geta færst eitthvað til en það verður tilkynnt í tíma.

Námskeið fyrir þjónustuaðila brunavarna:

Haldið verður námskeið fyrir þjónustuaðila brunavarna haustið 2019. Lámarsfjöldi á námskeiði er 8 manns og hámarksfjöldi 16 manns. Náist ekki lágmarksfjöldi á námskeið fellur það niður.

Námskeiðið verður haldið í samstarfi við Iðuna. Skráning fer fram hjá Iðunni Til að byrja með er hægt að fá upplýsingar með því að senda póst á (petur@mvs.is).

<i>Þjónustuaðilar brunavarna</i>		<i>Dags.</i>		<i>Dags.</i>	
Reykjavík			-		IÐAN